

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 105/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 214/2005 frá 9. febrúar 2005 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar vöktun smitandi heilahrönnunar í geitum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„– **32005 R 0214:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 214/2005 frá 9. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2005, bls. 9).“
2. Eftirfarandi aðlögunartexti bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„C. Eftirfarandi bætist við í töflu A í lið 2(b) í II. hluta A-kafla III. viðauka:

„Noregur	5 000“	“
----------	--------	---

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 214/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 86, og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2005, bls. 9.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.